Til bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Árborgar

Selfossi, 26. Október 2026

Áskorun um bætta aðstöðu rafíþróttadeildar

Framkvæmdastjórn Umf. Selfoss samþykkti á fundi sínum 22. september 2026 að beina þessari áskorun til bæjarstjórnar Árborgar vegna aðstöðumála rafíþróttadeildarinnar.

Umf. Selfoss skorar á bæjarstjórn Árborgar að tryggja rafíþróttadeild félagsins hentugt húsnæði. Núverandi aðstaða í kjallara Vallaskóla er ófullnægjandi og stendur í vegi fyrir stöðugu starfi og fjölgun iðkenda.

Rýmið er allt of lítið, nettengingin annar ekki þörfum deildarinnar og endurteknir lekar undanfarin ár hafa valdið ítrekuðu raski á æfingum. Deildinni hefur verið lofað auknu rými en það hefur ekki gengið eftir. Nú þegar eru biðlistar hjá deildinni og óásættanlegt er að húsnæðisvandi hamli þátttöku iðkenda í sveitarfélaginu.

Rafíþróttadeildin gegnir mikilvægu félagslegu hlutverki. Margir iðkendur hafa ekki fundið sig í öðrum íþróttagreinum eða öðru félagsstarfi en eiga hér vettvang fyrir samveru, þjálfun og þátttöku í liðsheild. Árborg þarf að styðja þétt við þennan hóp og tryggja honum aðgang að viðunandi aðstöðu til jafns við aðra iðkendur.

Aðstandendur deildarinnar hafa lagt mikla vinnu og eigið framlag í uppbyggingu starfsins. Umf. Selfoss telur rafíþróttadeildina meðal þeirra deilda félagsins sem hafa mesta vaxtarmöguleika á næstu árum. Til að nýta þá möguleika þarf að leysa húsnæðismálin og skapa svigrúm til að taka við fleiri iðkendum.

Við val á húsnæði verði eftirfarandi þarfir deildarinnar lagðar til grundvallar:

- Sameiginlegt æfingarými fyrir 30 tölvur og sérstakt keppnisrými fyrir tvo fimm manna hópa, með samtals 10 tölvum
- Stöðug nettenging að lágmarki 10 Gb/s og innra net, lagnir og netbúnaður sem styðja þann hraða frá inntaki til tölva
- Aðgangur að litlum sal eða hreyfirými fyrir léttar æfingar og leiki sem eru hluti af rafíþróttaþjálfun.
- Salernisaðstaða, hjólastólaaðgengi og aðgangur deildarinnar að húsnæðinu allan sólarhringinn, alla daga vikunnar
- Fullnægjandi loftskipti, helst með loftræstikerfi, eða tryggð loftun um glugga með opnanlegum fögum

Fyrir hönd framkvæmdastjórnar Umf. Selfoss

Halldór Stefán Haraldsson
Framkvæmdastjóri Umf. Selfoss